



Spáum óbreyttum stýrivöxtum í febrúar

Við teljum að peningastefnunefnd Seðlabankans haldi vöxtum óbreyttum á næsta fundi nefndarinnar, sem er jafnframt fyrsti fundur ársins. Ákvörðunin verður tilkynnt miðvikudaginn 5. febrúar.

Peningastefnunefnd lækkaði vexti bankans um 1,5 prósentustig á síðasta ári. Ákveðið var að halda vöxtum óbreyttum á síðasta ákvörðunarfundi, eftir samfellda lækkun frá því í maí.

Í ljósi fyrri yfirlýsinga er ólíklegt að vextir breytist

Þegar vextir voru síðast lækkaðir var í yfirlýsingu nefndarinnar tekið fram að það vaxtastig ætti að duga til að tryggja verðstöðugleika til meðallangs tíma og fulla nýtingu framleiðsluþátta. Í ljósi þess að engar afgerandi upplýsingar um stöðu hagkerfisins hafa borist síðan er fátt sem bendir til þess að hróflað verði við vöxtum að þessu sinni. Tölur um hagvöxt á fjórða ársfjórðungi síðasta árs liggja ekki fyrir fyrr en í lok febrúar. Hagfræðideild telur líklegt að Peningastefnunefndin vilji halda vöxtum óbreyttum núna og eiga þannig inni fyrir vaxtalækkun þegar fram líða stundir, komi í ljós að krafturinn í hagkerfinu sé minni en búist var við.

Verðbólga undir markmiði


Verðbólga hefur lækkað síðustu mánuði og mældist 2,0% í desember samanborið við 2,7% í nóvember. Auk þess hefur verðbólguálag á skuldabréfamarkaði lækkað frá síðasta fundi nefndarinnar. Þetta gerir það að verkum að raunstýrivextir hafa hækkað. Haldist verðbólga áfram undir markmiði kann það að kalla á frekari lækkun vaxta þegar fram líða stundir, sé það markmið nefndarinnar að halda aðhaldsstigi peningastefnunnar óbreyttu frá því sem það var við vaxtaákvörðunina í nóvember.

Vísbendingar um kraftmeiri vöxt


Það eru vísbendingar um að krafturinn í hagkerfinu kunnist vera vanmetinn og því minni þörf á frekari vaxtalækkunum en ella. Greiðslukortavelta jókst t.a.m. heldur meira milli ára á fjórða ársfjórðungi síðast árs samanborið við fyrri fjórðunga ársins sem

	Lagt til	Með	Móti	Kosið annað	Niðurst.	Meginv.
feb '19	óbr.	5		óbr.	4,50	4,50
mar '19	óbr.	5		óbr.	4,50	4,50
maí '19	-0,50	5		-0,50	4,00	4,00
jún '19	-0,25	4	þGP (óbr.)	-0,25	3,75	3,75
ágú '19	-0,25	5		-0,25	3,50	3,50
okt '19	-0,25	5		-0,25	3,25	3,25
nóv '19	-0,25	5		-0,25	3,00	3,00
des '19	óbr.	5		óbr.	3,00	3,00
feb '20						
mar '20						
maí '20						
ágú '20						
okt '20						
nóv '20						

Heimild: Seðlabanki Íslands



Heimild: Hagstofa Íslands



Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Kódiak




gæti verið vísbending um kraftmeiri vöxt einkaneyslu á síðari hluta árs.

Breytingar í Peningastefnunefnd

Fundur Peningastefnunefndar í desember var síðasti fundur nefndarmannsins Þórarins G. Péturssonar. Þórarinn er sá nefndarmaður sem hefur oftast greitt atkvæði gegn ákvörðun nefndarinnar. Hann vildi halda vöxtum óbreyttum í júní í fyrra á sama tíma og aðrir vildu lækka vexti. Árið 2018 greiddi hann tvívegis atkvæði gegn meirihluta þegar hann taldi rétt að hækka vexti á sama tíma og aðrir vildu halda þeim óbreyttum eða hækka minna.

Gunnar Jakobsson tekur sæti Þórarins í nefndinni og verður fróðlegt að sjá hvort hann feti í fótspor forvera síns sem helsti vaxtahaukur nefndarinnar. Gunnar hefur þó ekki störf fyrir en í mars og verða nefndarmenn því einungis fjórir á næsta fundi. Aðrar breytingar framundan eru þær að vaxtaákvörðunardögum fækkar á næsta ári úr 8 í 6 þar sem fundir nefndarinnar í júní og desember verða felldir niður.

Einkaneysla, kortavelta og kaupmáttur launa



Greiðslukortavelta í verslun héraðs raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.